





Mynd 1. Meirihluti gripa var með þungamælingu og sterk jákvæð fylgni var á þunga gripa og þykkt ómvöðva.



Mynd 2. Þykkt ómfita miðað við brjóstmál í gripum sem eru 100% Angus og meira eða minna en 50% Angus.

Ómmælingar við val holdagripa til ásetnings



Árið 2023 fóru tveir galvaskir ráðunautar RML til Noregs að læra ómmælingar á bakvöðva og bakfitu holdanauta, rétt eins og er gert hér á landi í sauðfjárrækt.

Fyrir þau sem ekki kannast við ómmælingar þá er notuð við þær ómsjá sem „horfir“ ofan í hryggvöðva á holdagripum eða sauðfé og gerir ráðunautum kleift að mæla þykkt bakvöðvans og fituna sem hylur hann. Þetta bústjórnartæki er eitt af þeim verkfærum sem bændur geta nýtt sér í vali á ræktunargripum framtíðarinnar og er viðurkennt tæki til þess, í sauðfjárrækt og nautakjötsframleiðslu annars staðar í heiminum.

Vorið 2024 var veittur styrkur úr Þróunarfé nautgriparæktarinnar til að hefja gagnasöfnum um



Einföld og færanleg aðstaða með tökubás og gripavigt.

Mynd / Ditte Clausen.

ómmælingar á íslenskum holdagripum. Verkefnið var unnið í samstarfi við bændur sem stunda ræktun á holdagripum og gátu séð sért fært að taka á móti ráðunautum

sem gerðu mælingarnar. Kröfur voru gerðar um að aðstaða við ómmælingar tryggði bæði öryggi manna og dýra. Notuð voru sömu aldursskilyrði og í Noregi en allir

	Aldur (d)	Þungi (kg)	Brjóstmál (cm)	Ómfita (mm)	Ómvöðvi (mm)
Meðaltal	350	387	175,1	5,07	55,8
Lægsta gildi	290	254	146,5	1,2	33,2
Hæsta gildi	430	598	211,5	11,9	76,3
Fjöldi mælinga	416	321	398	381	382

Tafla 1. Helstu meðaltöl úr ómmælingum holdagripa vorið 2024.

holdagripirnir voru á aldrinum 290–460 daga. Gripirnir áttu að vera af holdakyni og mátti hlutfall hins íslenska mjólkurkúakyns vera að hámarki 20%. Aðalástæða þess er að viðmiðin fyrir ómmælingar voru miðuð að norska Angus-holdakyninu.

Helstu niðurstöður

Þykkt bakvöðva og -fitu var mæld á 416 holdagripum af mismunandi blöndu af búfjárkynjum, þar af voru 19 gripir 100% Angus og 178 gripir með yfir 50% Angus. Meðalaldur gripanna var um 350 dagar og var yngsti gripurinn 290 daga við ómmælingu. Elsti gripurinn var 430 daga og ekki er mælt með að ómmæla gripi eldri en 460 daga.

Meðaltöl, lægstu og hæstu gildi má finna í töflu 1. Mældur ómvöðvi var á bilinu 33,2 mm til 76,3 mm og dreifingin var svipuð og í Angus gripum í Noregi. Fita var einnig svipuð og hjá norsku gripunum en hún var á bilinu 1,2 mm til 11,9 mm en einhverjar líkur eru á því að tvöfalt fitulag sé viðvarandi í stofninum. Eðlilegt er að það sé mikill breytileiki í ómfitu.

Aldur virðist hafa lítil áhrif á brjóstmál, þunga, þykkt ómvöðva og fitulags í þessari athugun. Það er í góðu samræmi við gögn frá Noregi. Það staðfestir að marktækt

er að mæla gripi á þessum aldri, 290–460 daga, og hægt að velja ásetning eftir því. Það er líklegt að aldur og aðrir umhverfisþættir hafi meiri áhrif á þykkt ómvöðva og -fitu þegar gripirnir eru eldri en 460 daga.

Þungaskráning var á meirihluta gripanna en þungi hefur sterka jákvæða fylgni við ómvöðvann eins og sést á halla aðhvarfslínunnar á mynd 1. Þessar niðurstöður eru í samræmi við það sem þekktist erlendis og í sauðfjárrækt hérlandis. Þar sem var ekki aðstaða á öllum stöðum til að vigta gripi var ákveðið að taka brjóstmál af öllum gripum. Það gerði okkur kleift að kanna samband brjóstmåls og þunga. Brjóstmálið var tekið með hefðbundnu málbandi sem var sótt undir kvið gripanna með heimatilbúnum krók, kústskafti með krók af herðatré.

Brjóstmál hefur sterka jákvæða fylgni við þyngd sem verða að teljast ánægjulegar fréttir. Með auknu gagnasafni munum við geta þróað jöfnu sem bændur gætu nýtt til að meta, með ákveðnu öryggi, hvort gripir séu komnir í sláturþyngd, út frá mælingum með málbandi.

Við tölfraðilegt uppgjör kom í ljós að það eru fleiri þættir sem hafa áhrif á þykkt ómvöðva og -fitu. Þungi, brjóstmál og fæðingarbú virðist hafa marktæk

VATNSVIRKINN

LÍFRÆN SKOLP
HREINSISTÖÐ

- Stöðin kemur samsett og tilbúin til uppsetningar
- Hátt hreinsunarstig
- Lyktarlaus
- Einföld uppsetning
- Ekki þörf á siturlögnum
- Möguleiki á fjartengingu við upplýsingakerfi

vatnsvirkinn@vatnsvirkinn.is - Sími 510 1400 - www.vatnsvirkinn.is

áhrif á þykkt ómvöðva og -fitu. Að auki hefur kyn marktæk áhrif á ómfitu þar sem kvígur voru með marktækt þykkra fitulag en naut. Kvígur byrja að safna fitu fyrr en naut og það er í góðu samræmi við aðrar rannsóknir.

Tilhneiging til Angus-áhrifa

Við að nota gögn um hlutfall búfjárkyns gripa úr Huppu.is má skoða dreifingu mælinga með mismunandi hlutfall af Angus-kyni. Á mynd 2 eru allar mælingar á ómfitu miðaðar við brjóstmál. Niðurstöður sýna að búfjástofn hefur ekki marktæk áhrif á þykkt fitulags en einhver tilhneiging sást að með auknu Angus-hlutfalli ykist þykkt fitulags. Sterk jákvæð fylgni er milli þykktar fitulags á hryggvöðva og innanvöðvafitu og má því áætla að einhverju leyti um fitusprengingu. Í Noregi er spáð fyrir um innanvöðvafitu (fitusprengingu) með sérstöku reiknilíkani en hugbúnaðurinn er ekki enn kominn í ómtækið sem við notum.

Í athugininni er gagnasafnið lítið og breytileiki mikill, bæði milli einstaklinga og bóa. Því er mikilvægt að draga ekki of sterkar ályktanir af henni og túlka niðurstöðurnar varlega. Það virðist þó vera gott samræmi í ómmælingum á íslenskum holdagripum miðað við erlendar niðurstöður. Með aukinni gagnasöfnun og fleiri mælingum eykst öryggi niðurstaðna og því er mikilvægt að halda því áfram.

RML leitar að þátttökubúi

Þróunarfé nautgriparæktar hefur samþykkt styrk fyrir áframhaldandi

verkefni til ómmælinga á nautgripum. Við leitum til bænda um þátttöku í verkefninu til áframhaldandi gagnasöfnunar um holdagripi. Til stendur að mæla í maí og júní. Til þess að taka þátt í verkefninu eru nokkur atriði sem þarf að uppfylla.

- Tökubás.
- Holdagripir með hlutfall holda-kyns yfir 80% og íslenskt ekki yfir 20%.
- Gripir þurfa að vera 290–460 daga gamlir.
- Bæði naut og kvígur geta fengið mælingu.
- Æskilegast er að hafa þunga-skráningu 7 daga fyrir mælingu en ekki krafa.
- Rafmagn, ef um lengri tíma er að ræða.

Kostur er að hafa gripaklippur þannig að hægt sé að raka rönd á gripunum á mælistað á hryggnum. Aðstaðan hjá bændum sem tóku þátt árið 2024 var allt frá föstum tökubás yfir í færanlegan og heimasmiðaðan bás og virkaði það allt vel við ómmælingu.

Ómmælingin kostar bændur eingöngu komugjald samkvæmt verðskrá RML. Bændur fá mælingar af sínum gripum og geta notað þær við val á ásetningi. Í vinnslu er að koma ómgögnum og holdadómum inn í skýrsluhaldskerfið Huppu.is þannig að þær upplýsingar verði aðgengilegar bændum þar.

Ef þið hafið áhuga á að fá ómmælingu, endilega hafið samband við Lindu (s: 516-5009, linda@rml.is) eða Ditte (s: 516-5011 ditte@rml.is).

Höfundar eru ráðgjafar á búfjár-ræktar- og þjónustusviði RML.



SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

Verð 4.490.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki “verð frá”.

RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

**VIÐ AUGLÝSUM
ALDREI
„VERÐ FRÁ“**




Iðnaðarhús

- ◆ Z Strúktúr heitgalvanserað stálgrindarhús.
- ◆ 10x20m – 4m vegg hæð.
- ◆ 60mm veggeiningar og 80mm þakeiningar PIR.
- ◆ 1 iðnaðarhurð – 2 gönguhurðir – 1 gluggi, tvískiptur, opnanlegur.
- ◆ Fjöldi lita í boði.

Kr. 13.300.000 m/vsk.

Innifalið: aðaluppdrættir, sökkul- og burðarvirkisteikningar



Bæjarflöt 9, 112 Rvk. | S. 588-6640 | struktur@struktur.is | struktur.is



Björgunartæki og búnaður



Bjóðum viðurkendann og vandaðan búnað til björgunarstarfa.
Bátar, fjarstýrðir bjarghringir, fatnaður og margt fl.

Svansson ehf. Melabraut 19, 220 Hafnarfjörður.
www.svansson.is sala@svansson.is



Með Delo gengur allt smurt

Delo Gold Ultra E SAE 10W-40 smurólían er góður valkostur fyrir vélar í bátum og inniheldur öflugan bætiefnapakka sem veitir hámarksvörn gegn slit og sóti.



Skannaðu QR kóðann fyrir allt úrval og sölustaði

Hringdu í vini og fáðu tilboð hjá okkur!
Síminn er 515 1100, eða á **olis.is**

olis